

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

736. tbl - 16. árg.

7. apríl 2016



Allir í bláu vegna alþjóðadags einhverfu



Í tilefni alþjóðlegum degi vitundar um einhverfu sem var 2. apríl voru börn og starfsfólk í leikskólanum Kríubóli hvött til mæta í bláu, föstudaginn 1. apríl. Vel var tekið í þessa hvattningu og mættu börnin öll í einhverju bláu og starfsfólkið lét heldur ekki sitt eftir liggja.

Styrktarfélag barna með einhverfu hefur hvatt skóla og vinnustaði til að vera með svokallaða bláann dag í apríl og vekja þannig athygli á einhverfu og styðja við málefni er varða börn með einhverfu.

Markmið Styrktarfélags barna

með einhverfu er að vekja athygli á einhverfu og safna fé sem rennur óskert til styrktar málefnum sem hafa bein áhrif á börn með einhverfu og fjölskyldur þeirra.

Á hverju ári er eitt málefni valið og allt styrktarfé rennur óskipt til þess. Félagið er þekktast fyrir BLÁR APRÍL, árlegt styrktar- og vitundaráttak sitt sem vekur jafnan mikla athygli. Hluti af því er „blái dagurinn“ en þá mæta börn og fullorðnir í bláum klæðnaði til vinnu og í skóla.

Auk þess að vekja til aukinnar umræðu og vitundar um einhverfu er safnað fyrir málefni

hverju sinni og fólk getur iðulega tekið þátt í þeirri söfnun, t.d. með því að hringja í 902-1010. Þá er

fyrirtækum boðið að styrkja málefnið með ýmsum hætti.

jó

Multi cultural food festival

Fjölmennung og matur

храна и культура

еда и культура

pagkain at kultura

PIRTIKA UN KULTURA

Jedzenie i kultura

Essen und Kultur

comida y cultura

ճամբարներ

TOIT JA KULTUUR

məd og kultur

alimentaire et de la culture

alimentaire et de la culture



Fjölmenningsráðið verður haldin í Frystiklefanum 8. október 2016

Multi Cultural Food Festival in the Freezer october, 8. 2016

Takið daginn frá, geymið auglýsinguna.

Við óskum eftir áhugasömum þátttakendum, matur, skemmtiatriði, kynningar á löndum eða hvað sem þig langar að gera.

Skráning hjá Áttagastofu Snæfellsbæjar. atthagastofa@snb.is



THE FREEZER



SÖKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

Víkingar styrkja hópinn



Þann 4. apríl komust Stjarnan og Víkingur Ólafsvík að samkomulagi um að Stjarnan láni Þórhall Kára Knútsson til Víkinga út keppnistímabilið 2016.

Þórhallur Kári lék sumarið 2015, 12 leiki fyrir Stjórnuna í efstu deild og skoraði 3 mörk en í lok tímabils var hann valinn efnilegasti leikmaður félagsins.

Víkingur tók á móti Fjarðarbyggð í Lengjubikarnum á síðasta föstudag. Leikurinn fór fram í Akraneshöllinni. Leikmenn Víkinga lögðu grunninn að sigrinum strax í fyrri hálfleik en þeir skorðu þrjú mörk á níu mínútum. Pape Mamadou

Faye skoraði fyrsta markið á 16. mínútu. Kenan Turudija bætti svo við öðru marki sjö mínútum síenna og Pape Mamadou Faye átti svo þriðja markið á 25. mínútu. Alberto Embalo skorðaði svo fyrir Fjarðarbyggð á 60. mínútu en stuttu síðar var Hlyni Bjarnasyni vikið af velli. Víkingur náði að nýta sér liðsmunin því undir lok leiksins skoraði Leó Örn Þrastarson fjórða mark Víkinga. Víkingur hafði betur 4 – 1. Það dugði liðinu þó ekki til að komast upp úr riðlinum en þeir urðu í þriðja sæti á eftir liði Breiðabliks sem var í öðru sæti og Fylki sem urðu í fyrsta sæti.

þa

STARFSFÓLK ÓSKAST

Nánari upplýsingar á staðnum eða í síma: 436 1291.



FISKIÐJANBYLGJA HF

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

ÓLAFSVIKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
Kirkjan okkar



Æskulýðsguðsþjónusta

á sunnudaginn í Ingjaldshólskirkju kl. 20.

Hljómsveitin Astron sér um tónlistina.
Fermingarbörn vetrarins sjá um bænir og lestra
og Æskulýðsfélagið verður með leiksýningu.

Djús og kaffi eftir athöfn og æskulýðsfélagið verður með
kökubasar til að safna fyrir landsmótsferð 2016.

Aðalsafnaðarfundur Ólafsvíkursóknar

verður mánudaginn 18. apríl kl. 20 í
safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju. Nánar auglýst síðar.

Aflafréttir

Nýliðinn mars mánuður var ansi góður aflalega séð þó svo að páskarnir hafi komið inn í hann sem gerðu það að verkum að ekki var röið yfir þann tíma.

Mokveiði var í netin og átti Bárður SH all rosalega mánuð, því að báturinn landaði 352 tonnum í 31 róðri og voru nokkrir þessara róðra tvær landanir á sama deginum. Er þetta svakalega mikill afli á báti sem er ekki stærri en 30 tonn eins og Bárður SH er. Reyndar var einn SH bátur hærri en Bárður SH og var það Þórsnes SH sem landaði 394 tonn í 13 róðrum og mest 62 tonn í einni löndun. Arnar SH sem líka er 30 tonna bátur átti líka svakalega góðan mánuð og landaði 220 tonnum í 25 róðrum og eins og með Bárð þá voru nokkrir dagar þar sem að tvílandað var hjá Arnari SH.

Ólafur Bjarnason SH 206 tonn í 12, Magnús SH 168 tonn í 8, Saxhamar SH 110 tonn í 6, Katrín SH 54 tonn í 7, Hafnartindur SH 42 tonn í 7.

Hjá dragnótabátunum þá var Steinunn SH hæst með 163 tonn enn athygli vekur að báturinn hætti veiðum snemma í mars.

Hinir SH bátarnir réru lítið vegna þess að kvótinn er að verða búinn hjá mörgum bátanna. Sveinbjörn Jakobsson SH var með 151 tonn í 7, Gunnar Bjarnason SH 131 tonn í 10, Rífsari SH 113 tonn í 12, Esjar SH 105 tonn í 10.

Hjá línubátunum þá var Rífsnes SH með 263 tonn í 5, Örvar SH 251 tonn í 5, Tjaldur SH 237 tonn í 4, Bíldsey SH 173 tonn í 18. Margir af minni línubátunum fóru suður til Sandgerðis til þess að róa og var meðal annars Bíldsey SH einn af þeim bátum. Grundfirðingur SH 159 tonn í 3, Hamar SH 154 tonn í 4, Gullhólmi SH 152 tonn í 8, landað líka í Sandgerði, Særf SH 145 tonn í 12 og líka í Sandgerði, Faxaborg SH 141 tonn í 8 og fór hann allt suður til Þorlákshafnar. Stakkhamar SH 131 tonn í 15 og smá landað í Sandgerði, Kristinn SH 129 tonn í 16.

Guðbjartur SH 94 tonn í 14, Tryggvi Eðvarðs SH 73 tn í 12, Brynja SH 64 tn í 10, Kvikva SH 59 tn í 7 og mest 12,4 tonn, Álfur SH 46 tn í 11 og Gláður SH 39 tn í 7.

Gísli Reynisson
www.aflafretroitir.is



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja.
Logar viðvörunarljós í mælaborði.
Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir öll umboð og allar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Sími: 436-6677 Netfang: bifreid@mi.is



Sparidagar
á Hótel Örk 17. - 22. apríl 2016
Enn eru laus herbergji!!

Reykjanesferð
6. og 7. júní 2016
Örfá sæti laus!!

Porgeir Árnason - s. 896 1769
Pétur Jóhannsson - s. 893 4718
Emanúel Ragnarsson - s. 865 2199

Hættir eftir 25 ár í starfi



31. mars sl. hætti Guðrún Halldóra Cýrusdóttir eftir 25 ára starf í leikskólanum.

Gunna byrjaði haustið 1990 á leikskólanum á Hellissandi sem síðar varð leikskólinn Kríuból jafnframt vann hún líka á Heilsugæslustöðinni á Hellissandi. Alls eru þetta 35 ár

í starfi hjá sveitarfélaginu, því hún byrjaði þegar sveitafélagið hét Neshreppur utan Ennis.

Við þökkum henni fyrir samstarfið og alla þá gleði, vísu og dugnað sem við höfum fengið að njóta í gegnum árin.

Samstarfsfólk



FISKIÐJANBYLGJA HF



SNÆFELLSBÆR

þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar FUNDARBOÐ - 286. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. apríl 2016 og hefst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1. Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2015. Endurskoðendur mæta á fundinn. Ársreikningurinn verður lagður fram á fundinum.
2. Fundargerð 95. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar Snæfellsbæjar, dags. 5. apríl 2016.
3. Fundargerð Rastarnefndar, dags. 16. mars 2016.
4. Fundargerð 118. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 21. mars 2016.
5. Fundargerð 3. fundar velferðarnefndar, dags. 28. mars 2016.
6. Fundargerð stjórnar Klífs, dags. 20. janúar 2016.
7. Fundargerð 156. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 1. mars 2016, ásamt tölvubréfi forstöðumanns með kynningu á nýrri heimasíðu FSS.
8. Fundargerð 80. stjórnarfundar FSS, dags. 16. febrúar 2016.
9. Fundargerð 133. fundar heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 7. mars 2016.
10. Fundargerð 50. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 16. mars 2016.
11. Fundargerðir 382. og 383. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 24. febrúar og 1. apríl 2016.
12. Fundargerðir 835., 836. og 837. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. janúar, 26. febrúar og 18. mars 2016.
13. Aðalfundarboð Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi, dags. 6. apríl 2016.
14. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., dags. 8. apríl 2016.
15. Bréf frá Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ, dags. 3. mars 2016, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar, dags. 7. maí n.k. vegna Vesturlandsmóts í boccia.
16. Bréf frá stjórn UMF Víkings/Reynis, dags. 4. apríl 2016, varðandi dekkjakurl á sparkvöllum í Snæfellsbæ.
17. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 5. apríl 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn North Star Apartments ehf., um rekstrarleyfi til reksturs gistaðar í flokki II, gistiheimili, að Hafnargötu 11, Rifi í Snæfellsbæ.
18. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 4. mars 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Ólínu Bj. Kristinsdóttur um endurnýjun rekstrarleyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingastofa og greiðasala, Söluskáli ÖK Ólafsvík, Snæfellsbæ.
19. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 7. mars 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Gistihússins Langaholts ehf., um endurnýjun rekstrarleyfis til reksturs veitingastaðar í flokki III, veitingahús, og gistaðar í flokki V, hótél, að Ytri-Görðum, Snæfellsbæ.
20. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 7. mars 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Bjargar Pétursdóttur um endurnýjun rekstrarleyfis til reksturs gistaðar í flokki II, gistiskála, að Gíslabæ, Hellnum, Snæfellsbæ.
21. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 30. mars 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Þuríðar Maggýjar Magnúsdóttur um rekstrarleyfi til reksturs gistaðar í flokki II, sumarhús, í Nónhóli á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
22. Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 5. apríl 2016, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Snæfelliökull Glacier Tours ehf., um rekstrarleyfi til reksturs gistaðar í flokki I, sumarhús, að Jaðri 15 á Arnarstapa, Snæfellsbæ.
23. Bréf frá Frostfiski ehf., dags. 30. mars 2016, varðandi ástæður hópuppsagna í Klumbu.
24. Bréf frá umhverfisfulltrúa Snæfellsness, dags. 5. apríl 2016, varðandi endurnýjaða vottun fyrir árið 2016 frá EarthCheck.
25. Tilkynning frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, varðandi úthlutanir sjóðsins til verkefna í Snæfellsbæ og á Vesturlandi á árinu 2016.
26. Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 7. mars 2016, varðandi rannsóknir og útrýmingu á mink og endurgreiðslu styrkja.
27. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. apríl 2016, varðandi fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits.
28. Bréf frá UMFÍ, ódags., varðandi áskorun Ungmennaráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Selfossi, dagana 16. – 18. mars 2016.
29. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, ódags., varðandi breytilega vexti LS.
30. Bréf frá Fjölbrotaskóla Snæfellinga, ódags., varðandi endurnýjun á samningi um skólaakstur við FSN.
31. Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 1. apríl 2016, varðandi hugmyndir nefndarinnar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsarsamningsins.
32. Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar.
33. Minnisþunkar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 5. apríl 2016
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Vínbúðin Grundarfirði

Tímavinna

Óskum eftir að ráða þjónustulipran starfsmann í afleysingar og tímavinnu

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið felst í þjónustu, afgreiðslu, uppstillingu á vörum, vörumóttöku og umhirðu búðar

Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Stundvísi og dugnaður
- Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri
- Sakavottorðs er krafist

Gildi Vínbúðanna eru LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum

Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is
Umsóknarfrestur er til og með 17.04.2016
Ráðið verður í stöðuna sem fyrst

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Kristjánsdóttir
(grundarfjordur@vinbudin.is - 483 1220)

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



Vínbúðin Grundarfirði

Verzlunarstjóri

Laus er til umsóknar staða verzlunarstjóra Vínbúðarinnar Grundarfirði

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins

Hæfniskröfur

- Reynsla af verzlunarstörfum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma, jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta æskileg, m.a. Navision

Gildi Vínbúðanna eru LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum

Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is
Umsóknarfrestur er til og með 25.04.2016
Starfshlutfall er 43%

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Símonardóttir
(starf@vinbudin.is - 560 7700)

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

